



Skákkennsla á Vestfjörðum

Frá því í desember 2013 hefur GM Henrik Danielsen mætt tvisvar í viku í Patreksskóla til að kenna skák þeim krökkum sem eru í Patreksskóla, Bíldudalsskóla og Birkimelsskóla. Frá Patreksskóla hafa um 30 nemendur sótt kennsluna og eru krakkarnir mjög áhugasamir. Í vor munu

nemendur Henriks svo tefla mót á netinu við krakka frá Schwerin í Þýskalandi.

Vestfirðir eiga núna í maí þrjú sæti á Landsmótinu í skólaskák og ætla nemendur á suðurfjörðunum ekki að láta sitt eftir liggja með að komast á Landsmótið en Henrik hefur einnig verið að kenna skák í Tálknafjarðarskóla. Í tengslum við Skákdag Íslands þann 26. janúar nk er svo á dagskránni að hafa liðakeppni milli Patreksskóla og Tálknafjarðarskóla.



Það má því með sanni segja að syðstu firðir Vestfjarða séu komnir á íslenska skákkortið!